

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 21. janúar 2011 í máli nr. E-6295/2009:

Arion banki hf.

(Karl Óttar Pétursson hdl.)

gegn

Materia Invest ehf.

Magnúsi Ármann

Kevin Gerald Stanford

(Geir Gestsson hdl.)

Mál þetta, sem dómtekið var 7. desember sl., var þingfest 14. maí 2009.

Stefnandi er Arion banki hf., Borgartúni 19, Reykjavík.

Stefndu eru Materia Invest ehf., Valhúsabraut 15, Seltjarnarnesi, Magnús Ármann, Laufásvegi 69, Reykjavík og Kevin Gerald Stanford, The Dower House, Roydon Hall Lane East Peckham, Near Tonbridge, TN12 5NK Kent, Bretlandi.

Dómkröfur

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær að stefndi, Materia Invest ehf., verði dæmdur til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð 6.391.527.484 krónur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 17. nóvember 2008 til greiðsludags.

Einnig er þess krafist að stefndi, Magnús Ármann, verði dæmdur til að greiða þar af in solidum með stefnda, Materia Invest ehf., skuld að fjárhæð 240.000.000 króna ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, af 240.000.000 króna frá 17. nóvember 2008 til greiðsludags.

Þá er þess krafist að stefndi, Kevin Gerald Stanford, verði dæmdur til að greiða þar af in solidum með stefnda, Materia Invest ehf., skuld að fjárhæð 240.000.000 króna ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, af 240.000.000 króna frá 17. nóvember 2008 til greiðsludags.

Pá er krafist málskostnaðar að mati dómsins. Auk þess er krafist virðisaukaskatts af málflutningsþóknun.

Stefndi, Materia Invest ehf., krefst þess aðallega að félagið verði sýknað af öllum kröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til að greiða málskostnað samkvæmt mati dómsins. Til vara er þess krafist að kröfur stefnanda verði lækkaðar verulega og að málskostnaður verði felldur niður.

Stefndu, Magnús og Kevin, krefjast aðallega sýknu af öllum kröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til þess að greiða málskostnað til hvors þeirra um sig samkvæmt mati dómsins. Til vara er krafist sýknu að svo stöddu af öllum kröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til þess að greiða málskostnað til hvors þeirra um sig samkvæmt mati dómsins.

Stefndu, Magnús og Kevin, krefjast þess, í öllum tilvikum, að við ákvörðun málskostnaðar verði gætt að skyldu þeirra til greiðslu virðisaukaskatts af lögmannsþóknun.

Hinn 14. október 2009 var kveðinn upp í málinu úrskurður þar sem frávísunarkröfu stefnda var hafnað.

Málavextir

Ágreiningur í máli þessu snýst um lánessamning sem Kaupþing banki hf. og stefndi, Materia Invest, gerðu með sér 16. nóvember 2005. Samkvæmt lánessamningnum veitti stefnandi, þá Kaupþing banki hf., stefnda, Materia Invest ehf., lán að fjárhæð 4.200.000.000 króna. Þá lýtur ágreiningur jafnframt að samningum um sjálfskuldarábyrgð sem gerðir voru í tengslum við lánveitinguna og eru á milli stefnanda og stefndu Magnúsar Ármann og Kevins Stanford.

Málsástæður stefnanda og lagarök

Stefnandi kveðst byggja kröfur sínar á lánessamningi á milli Kaupþings banka hf. og stefnda, Materia Invest ehf., með sjálfskuldarábyrgð Magnúsar Ármann, og Kevin Gerald Stanford.

Hinn 16. nóvember 2005 hafi Kaupþing banki hf. og Materia Invest ehf. gert með sér lánessamning að fjárhæð 4.200.000.000 króna. Lánið skyldi endurgreiða með einni greiðslu þann 16. nóvember 2008. Lánið skyldi bera breytilega vexti sem væru 12 mánaða REIBOR vextir eins og þeir ákvarðast hverju sinni fyrir viðkomandi vaxtatímabil tveimur bankadögum fyrir upphaf hvers vaxtatímabils að viðbættu 2,2% vaxtaálagi. Vextir skyldu reiknast frá útborgunardegi lánsins og greiðast eftir á á 12 mánaða fresti út lánstímann, í fyrsta skipti þann 16. nóvember 2006. Síðasta vaxtatímabil skyldi enda á síðasta gjalddaga lánsins.

Samkvæmt viðauka við lánssamninginn, dags. 27. desember 2006, hafi vaxtagjalddagi lánsins verið framlengdur frá 16. nóvember 2006 til 10. maí 2007. Hinn 10. maí 2007 hafi svo aftur verið gerður viðauki við lánasamninginn og vextir sem gjaldfallnir hafi verið á þeim tíma færðir aftur til lokagreiðslu lánsins. Greiðslu vaxta sem skyldu gjaldfalla 16. nóvember var frestað og skyldi koma til ný vaxtagreiðsla hinn 10. maí 2008. Þar sem sú greiðsla hafi ekki verið greidd hafi lánið verið gjaldfellt.

Samkvæmt grein 3.4. skyldi greiða dráttarvexti af gjaldfallinni fjárhæð samkvæmt ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma um grunn dráttarvaxta og vanefndaálags.

Stefnandi kveður gjaldfallna skuld hafa, hinn 27. janúar 2009, numið 5.083.655.560 krónum, auk vaxta að fjárhæð 1.307.871.925 krónur, eða samtals 6.391.527.484 krónum, sem sé stefnufjárhæð máls þessa.

Hinn 16. nóvember 2005 hafi stefndu, Magnús og Kevin, tekist á hendur ábyrgð vegna greiðslu umrædds lánasamnings. Ábyrgð hvors um sig skyldi ekki vera hærrí en 240.000.000 króna eða samtals 720.000.000 króna samkvæmt samningi þar um. Samkvæmt gr. 3.4. í lánasamningnum skyldi greiða dráttarvexti samkvæmt ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma um grunn dráttarvaxta og vanefndaálags.

Með heimild í lögum nr. 125/2008 hafi Fjármálaeftirlitið tekið þá ákvörðun að taka yfir vald hluthafafundar Kaupþings banka hf., og víkja stjórn bankans og skipa skilanevnd yfir hann. Ákvörðun þessi sé dagsett 9. október 2008. Með ákvörðun Fjármálaeftirlitsins, dagsettri 22. október 2008, hafi Fjármálaeftirlitið tekið ákvörðun um ráðstöfun eigna og skulda Kaupþings banka hf. til stefnanda.

Skuld þessi hafi ekki fengist greidd þrátt fyrir innheimtutilraunir og sé því nauðsynlegt að höfða mál til greiðslu hennar.

Vísað sé til almennra reglna kröfuréttarins og meginreglna samningaréttarins um skuldbindingargildi loforða og skyldu til að efna samninga, en reglur þessar fái m.a. stoð í lögum númer 7/1936. Kröfur um dráttarvexti, þ.m.t. vaxtavexti, styðjist við ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma um grunn dráttarvaxta og vanefndaálags, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Krafa um málskostnað styðjist við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Krafa um virðisaukaskatt af málflutningsþóknun sé reist á lögum nr. 50/1988. Stefnandi sé ekki virðisaukaskattskyldur og beri honum því nauðsyn til að fá dóm fyrir skatti þessum úr hendi stefndu. Varðandi varnarþing vísist til 42. gr. laga nr. 91/1991.

Málsástæður stefndu og lagarök

Materia Invest ehf.

Stefndi bendir á að í stefnu segi að stefndi, Materia Invest ehf., hafi vanefnt vaxtagreiðslu hinn 10. maí 2008 og því hafi allt lán hans verið gjaldfellt. Í stefnu sé hins vegar ekki tekið fram á hvaða ákvæði lánasamningsins gjaldfellingin hafi byggst. Neyðist stefndu því til þess að geta sér til um það.

Ef gjaldfelling hafi farið fram samkvæmt gr. 8.1. (a) í lánasamningnum, sé Kaupþingi banka hf. heimilt að segja öllu láninu upp einhliða, fyrirvaralaust og án aðvörunar eða sérstakrar uppsagnar, hafi vanskil á greiðslu afborgana eða vaxta varað lengur en í 15 daga. Með hliðsjón af orðalagi ákvæðisins verði að telja líklegast að gjaldfelling sé á því byggð.

Samkvæmt ákvæðinu hafi gjaldfelling ekki verið heimil fyrr en 15 dögum eftir vanefnd, hinn 25. maí 2008. Í stefnu sé ekki getið um tímasetningu gjaldfellingar eða hve lengi vanskil höfðu varað fyrir gjaldfellingu. Lögmæt gjaldfelling lánsins í heild sinni sé forsenda þess að stefndi, Materia Invest, beri ábyrgð á greiðslu þess alls, en ekki bara þeirrar einstöku greiðslu sem meint vanefnd sé á. Þar sem ekki sé greint frá því í stefnu hver sé upphæð hinnar vanefndu vaxtagreiðslu, sé stefnda, Materia Invest ehf., ómögulegt að taka afstöðu til fjárhæðar kröfunnar. Sé af þessari ástæðu krafist sýknu af öllum kröfum stefnanda.

Sé vararakrafa um lækkuð kröfnu stefnanda á því byggð að stefndi geti í mesta lagi borið ábyrgð á þeirri vaxtagreiðslu sem vanefnd var, en ekki allri skuldinni. Lækka beri kröfur stefnanda sem þessu nemi.

Enn fremur bendir stefndi, Materia Invest ehf., á að í stefnu sé þess krafist að félagið verði dæmt til greiðslu stefnukröfunnar auk dráttarvaxta. Þá sé þess einnig krafist að ábyrgðarmennirnir tveir, Magnús og Kevin, verði dæmdir in solidum með stefnda, Materia Invest ehf., til greiðslu á 240.000.000 króna auk dráttarvaxta. Telur stefndi að ef fallist yrði á kröfugerð stefnanda óbreytta væri sú staða uppi að félagið yrði gert ábyrgt fyrir greiðslu 480.000.000 króna til viðbótar við hina meintu gjaldföllnu skuld. Beri því að lækka kröfur stefnanda verulega.

Magnús Ármann og Kevin Gerald Stanford

Stefndu byggja á því að möguleg ábyrgð þeirra sem ábyrgðarmanna sé bundin við að vanefnd hafi orðið á greiðsluskyldu aðalskuldara, stefnda, Materia Invest. Því byggi ábyrgðarmennirnir á sömu mótmælum og stefndi, Materia Invest, sem rakin eru hér að framan.

Málsástæður fyrir sýknukröfu sem varða ábyrgðarmennina sérstaklega séu að auki eftirfarandi:

Stefndi Kevin telji ábyrgðarsamning, sem byggt sé á af hálfu stefnanda um ábyrgð stefnda, óskuldbindandi. Í fyrsta lagi sé undirritun samningsaðila ekki á öllum blaðsíðum samningsins. Í öðru lagi hafi samningurinn einungis verið undirritaður af einum manni f.h. Kaupþings, en ekki tveimur, eins og nauðsynlegt hafi verið, og gert hafi verið í samningi við aðra ábyrgðarmenn. Í þriðja lagi sé skjalið óvottað. Undirstrikað sé að allt ofangreint sé frábrugðið samningi við aðra ábyrgðarmenn og

Í andstöðu við þær ríku kröfur sem gerðar séu til fjármála fyrirtækja á borð við stefnanda. Þá hafi stefndi Kevin ekki fengið til undirritunar nein önnur skjöl málsins, hvorki um greiðslu vaxta né annað. Undirritun hans sé því ekki að finna á neinum öðrum skjölum. Beri því að sýkna hann af öllum kröfum stefnanda.

Þá telji ábyrgðarmennirnir báðir að ábyrgð þeirra geti einungis numið þeirri vaxtaupphæð sem aðalskuldari hefur vanefnt, sbr. ofangreindar málsástæður Materia Invest.

Greiðsluskylda ábyrgðarmanna samkvæmt ábyrgðarsamningum stofnist ekki fyrr en a) við vanefnd aðalskuldara, sbr. 2.1. gr. ábyrgðarsamninga b) í kjölfar greiðsluáskorunar stefnanda til ábyrgðarmanna vegna slíkrar vanefndar sbr. 2.1.-2.2. gr. ábyrgðarsamninga. Um fyrra atriðið vísist til málsástæðna meðstefnda, Materia Invest, um ólögsmæta gjaldfellingu láns að ofan. Ef fallist sé á þær málsástæður beri einnig að sýkna ábyrgðarmennina alfarið af kröfum stefnanda.

Í 2.1. gr. í ábyrgðarsamningum segi: „If the Company shall make default in payment of any principal, interest or any other moneys owing to Kaupthing Bank under Loan Agreement as and when the same becomes due and payable, then the Guarantors shall forthwith on demand by Kaupthing Bank pay to Kaupthing Bank the principal, interest and other moneys in default.“ Í gr. 2.2. segi enn fremur að einungis eftir að greiðsluáskorun hafi verið beint til ábyrgðarmanna, og slík innheimta sé árangurslaus, sé Kaupþingi banka hf. mögulegt að neyta annarra úrræða til heimtu greiðslunnar, s.s. höfðun dómsmáls: „If the Guarantors shall fail forthwith on demand to make good any such default, Kaupthing Bank may in its discretion proceed with the enforcement of its rights hereunder and may proceed to enforce such rights or from time to time thereof prior to, contemporaneously with or after any action taken under the Loan Agreement or any security or other documents delivered by the Company to Kaupthing. The Guarantors shall pay on demand all costs and expenses and other moneys payable hereunder and all proceedings taken in relation hereto.“

Í stefnu sé því ekki haldið fram að greiðsluáskorun hafi verið send ábyrgðarmönnum fyrir málshöfðun samkvæmt ákvæðum 2.1. gr. ábyrgðarsamninga. Samkvæmt 4.1. gr. ábyrgðarsamninga séu tilkynningar formbundnar og hafi borið að senda þær til ábyrgðarmanna með ábyrgðarpósti á starfsstöð Materia Invest ehf. við Laufásveg 69, 101 Reykjavík, „Attn. Magnús Ármann“. Þar sem greiðsluáskorun hafi ekki verið beint til ábyrgðarmanna fyrir málshöfðun í samræmi við ofangreind ákvæði, beri að sýkna þá að svo stöddu af öllum kröfum stefnanda samkvæmt 2. mgr. 26. gr. eml. Framangreindur áskilnaður um greiðsluáskorun og tilkynningu um vanefnd aðalskuldara fyrir málshöfðun gegn ábyrgðarmanni sé einnig í samræmi við meginreglur íslensks réttar, sbr. þau grunnrök sem hafi búið að baki lögfestingu 1. mgr. 7. gr. a) laga nr. 32/2009 um ábyrgðarmenn.

Hér sé jafnframt byggt á því að þar sem óljóst sé hvenær umrætt lán var gjaldfellt, sé einnig óljóst hvort efndatími greiðsluskyldu ábyrgðarmanna sé kominn.

Þá bendi stefndu á að strangar kröfur séu gerðar til starfsemi fjármálastofnana í íslenskum rétti. Stefnandi sé sérhæfður í lánveitingum og lánasamningum, hafi samið umrædda lánaskilmála og ábyrgðarsamning einhliða og hafi séð um alla

framkvæmd. Samkvæmt andskýringarreglu samningaréttar beri því að skýra og túlka allan vafa stefndu í hag. Eigi það sérstaklega við um ábyrgðarmenn sem séu einstaklingar og ekki sjálfir lántakar í þessu máli.

Þá sé bent á að ákvæði 1.-3. gr. ábyrgðarsamninga séu mjög einhliða, stefnanda í hag, en ábyrgðarmönnum í óhag. Sérstaklega sé bent á ákvæði 1.1. gr., 1.2. gr. (mistök bankans í skjalagerð, þinglýsingu o.fl. séu á ábyrgð ábyrgðarmanna) 1.3. gr. (heildarafsal réttinda), 2.1., 2.2. gr. o.s.frv. Þróunin í íslenskum rétti hafi verið mjög í átt til aukinnar réttarverndar ábyrgðarmanna, sbr. t.d. þau sjónarmið sem búi að baki lögfestingu sérstakra laga um ábyrgðarmenn nr. 32/2009 og bráðabirgðaákvæði VII. kafla laganna sem heimili sérstaklega að víkja til hliðar ábyrgðarákvæðum í heild eða hluta, samkvæmt 36. gr. samningalaga nr. 7/1936. Þróunin hafi að sama skapi verið í átt til aukinna krafna til fjármálafyrirtækja. Með vísan til ákvæða 36. gr. samningalaga telji ábyrgðarmenn að líta beri fram hjá einhliða ákvæðum á borð við ofangreind við úrlausn málsins.

Stefndu telja allt á huldu um hvenær gjaldfelling lánsins hafi átt sér stað. Þá hafi greiðsluáskorun eða tilkynningu um vanefnd ekki verið beint til ábyrgðaraðila, sbr. 2.1. gr. ábyrgðarsamninga. Því beri að sýkna alla stefndu af dráttarvaxtakröfum stefnanda.

Loks sé vísað er til allra ofangreindra andmæla um sýknu, sýknu að svo stöddu og lækkun krafna.

Um málskostnað í aðal- og varakröfu vísi stefndu til 130. gr. eml.

Stefndu, Magnús og Kevin, bendi á að samkvæmt gr. 2.1-2.2. í ábyrgðarsamningnum hafi Kaupþingi banka hf., nú stefnanda, borið að krefja þá sérstaklega um greiðslu fyrir málshöfðun. Mál hafi nú verið höfðað í beinni andstöðu við þau ákvæði. Þegar af þeirri ástæðu telji stefndu, Magnús og Kevin, að ekki beri að fella á þá nokkurn kostnað vegna þessarar málshöfðunar.

Niðurstaða

Eins og rakið er í stefnu gerðu Kaupþing banki hf. og Materia Invest ehf. með sér lánessamning hinn 16. nóvember 2005. Samkvæmt samningnum fékk stefndi, Materia Invest ehf., að láni hjá Kaupþingi banka hf. 4.200.000.000 króna. Samkvæmt samningnum skuldbatt stefndi, Materia Invest ehf., sig til að endurgreiða lánið með einni greiðslu þann 16. nóvember 2008. Lánið skyldi bera breytilega vexti sem væru 12 mánaða REIBOR vextir eins og þeir ákvarðast hverju sinni fyrir viðkomandi vaxtatímabil tveimur bankadögum fyrir upphaf hvers vaxtatímabils að viðbættu 2,2% vaxtaálagi. Vextir skyldu reiknast frá útborgunardegi lánsins og greiðast eftir á á 12 mánaða fresti út lánstímann, í fyrsta skipti hinn 16. nóvember 2006. Síðasta vaxtatímabil skyldi enda á síðasta gjalddaga lánsins.

Með viðauka við lánessamninginn, dags. 27. desember 2006, var vaxtagjalddagi lánsins framlengdur frá 16. nóvember 2006 til 10. maí 2007. Hinn 10. maí 2007 var svo aftur gerður viðauki við lánessamninginn og vextir sem gjaldfallnir voru fram að

þeim tíma færðir aftur til lokagreiðslu lánsins. Greiðslu vaxta sem skyldu gjaldfalla 16. nóvember var frestað og skyldi koma til ný vaxtagreiðsla hinn 10. maí 2008.

Stefnandi byggir á því að þar sem sú greiðsla hafi ekki verið greidd hafi lánið verið gjaldfellt.

Í gr. 8.1a í samningi aðila segir að bankanum sé heimilt að segja öllu láninu upp einhliða og fyrirvaralaust og án aðvörunar eða sérstakrar uppsagnar ef vanskil á greiðslu afborgana eða vaxta hafa varað 15 daga eða lengur. Samkvæmt ákvæði þessu þar stefnandi því ekki að tilkynna stefnda, Materia Invest ehf., sérstaklega um gjaldfellingu lánsins.

Í þinghaldi hinn 6. nóvember 2009 lagði stefnandi fram útreikning á stöðu lánsins. Er þar að finna sundurliðun á kröfu stefnanda sem samanstendur af höfuðstól og vöxtum. Þá var einnig lagt fram yfirlit yfir Reibor vexti tímabilið 17. nóvember 2005 til 8. maí 2008 sem stefnandi kveðst hafa sótt af heimasíðu Seðlabanka Íslands. Engin mótmæli komu fram af hálfu stefndu varðandi efni þessara gagna og hafa stefndu ekki sýnt fram á að kröfugerð stefnanda sé tölulega röng.

Í þinghaldi hinn 30. nóvember 2009 gerði stefnandi breytingar á kröfugerð sinni til samræmis við útreikning á stöðu lánsins.

Stefndi, Materia Invest ehf., mótmælir því ekki að hafa tekið að láni 4.200.000.000 króna hjá stefnanda samkvæmt lánssamningi dags. 16. nóvember 2005. Af hálfu þessa stefnda hafa ekki komið fram neinar þær varnir er firra hann ábyrgð á greiðslu lánsins.

Hinn 16. nóvember 2005 undirritaði stefndi, Magnús Ármann, samning sem hann gerði við Kaupþing banka hf. Samningurinn er á ensku og ber yfirskriftina „Agreement og pro rata direkt payment guarantee.“ Samningurinn liggur frammi í málinu í íslensku þýðingu löggilts skjalapýðanda og ber yfirskriftina „Samningur um pro rata sjálfskuldarábyrgð.“

Í samningnum kemur fram að með tilliti til lánssamnings milli Kaupþings banka hf. og Materia Invest ehf. sé það vilji ábyrgðarmanna að gangast í ábyrgð á skuldbindingum félagsins við Kaupþing banka hf. eins og hún sé sett fram í samningnum.

Í gr. 1.1 í samningnum segir að gegn ávinningi ábyrgist ábyrgðarmenn, og heiti Kaupþingi banka því skilyrðislaust, að félagið muni greiða Kaupþingi banka eins og vera ber og á réttum tíma allar skuldir og skuldbindingar, núverandi eða í framtíðinni, beinar eða óbeinar, skilyrðislausar eða skilyrtar, gjaldfallnar eða ekki, sem félagið skuldi Kaupþingi banka á hverjum tíma í samræmi við, vegna eða í tengslum við lánssamninginn eða skuldar samkvæmt honum þegar þær falla í gjalddaga samkvæmt skilmálum lánssamningsins.

Í gr. 1.2 segir að ábyrgðarmenn staðfesti að þeim hafi verið kynntir skilmálar lánssamningsins og fallist á og samþykki þá.

Í gr. 2.1 í umræddum samningi segir að standi félagið ekki skil á greiðslum þegar þær falla í gjalddaga skuli ábyrgðarmenn, að kröfu Kaupþings banka,

tafarlaust greiða Kaupþingi banka það fé sem er í vanskilum. Í gr. 2.2 segir síðan að bæti ábyrgðarmenn ekki tafarlaust úr sérhverri slíkri vanefnd þegar þess er krafist, geti Kaupþing banki að vild hafist handa við að leita fullnustu réttinda sinna samkvæmt samningnum. Í gr. 4.1 er fjallað um hvenær tilkynningar samkvæmt samningnum teljast afhentar með óyggjandi hætti.

Með bréfi stefnanda, dags. 24. júní 2008, sem Magnús Ármann áritar um móttöku 24. júní 2008, var honum tilkynnt að Materia Invest ehf. hefði ekki staðið við skuldbindingar sínar samkvæmt lánsamningi, dags. 16. nóvember 2005, og honum tilkynnt að hann sé þar með, sem sjálfskuldarábyrgðarmaður, ábyrgur fyrir greiðslu á 240.000.000 króna. Þá segir að verði greiðsla ekki innt af hendi innan 5 daga muni stefnandi knýja fram rétt sinn gagnvart honum á grundvelli ábyrgðarinnar án frekari viðvörunar. Var því gætt ákvæða gr. 2.1, 2.2 og 4.1 í samningi aðila. Eins og rakið er hér að framan vanefndi stefndi, Materia Invest ehf., lánsamninginn. Ber stefndi, Magnús Ármann, samkvæmt fyrrgreindum samningi sínum við stefnanda, sjálfskuldarábyrgð á greiðslu 240.000.000 króna af lánsfjárhæðinni.

Stefndi, Kevin Stanford, undirritaði samning um sjálfskuldarábyrgð sem er samhljóða þeim er Magnús Ármann gerði við stefnanda og áður er fjallað um. Stefndi hefur ekki sýnt fram á að skuldbindingargildi samnings sé háð því að sá sem skuldbindur sig samkvæmt samningi riti upphafsstafi sína á hverja síðu samningsins. Stefndi Kevin undirritar samninginn og hefur undirritun hans á samninginn ekki verið vefngd. Verður því ekki séð að það hafi þýðingu að skjalið var óvottað. Samningurinn er undirritaður af hálfu Kaupþings banka hf. Hefur stefnandi ekki haldið því fram að sú undirritun væri óskuldbindandi fyrir bankann.

Í málinu liggur frammi afrit af bréfi sem stefnandi sendi stefnda Kevin 23. október 2008 og krefur hann um greiðslu í samræmi við samning um sjálfskuldarábyrgð. Er bréfið samhljóða bréfi því er stefnda Magnúsi var sent 24. júní 2008 en efni þess er rakið hér að framan. Verður ekki ráðið af málatilbúnaði stefnda að hann haldi því fram að bréfið hafi ekki borist honum. Stefndi hefur lagt fram með afriti bréfsins til stefnda Kevins tölvuútprentun frá DHL þar sem ferill sendingar er rakinn. Kemur þar fram að sending er móttokin 24. október 2008 og afhent í Maidstone-UK 27. október 2008. Þykir því sýnt fram á að stefndi hafi mótttekið umrætt kröfubréf stefnanda og voru ákvæði g. 2.1, 2.2 og 4.1 því uppfyllt af hálfu stefnanda gagnvart stefnda Kevin.

Stefndi, Materia Invest ehf. vanefndi lánsamninginn, eins og áður segir. Ber stefndi, Kevin Stanford því, samkvæmt samningi sínum við stefnanda, sjálfskuldarábyrgð á greiðslu 240.000.000 króna af lánsfjárhæðinni.

Stefndu hafa ekki sýnt fram á að nein þau atvik hafi verið fyrir hendi við samningsgerðina sem leitt geti til þess að samningum aðila verði vikið til hliðar eða breytt á grundvelli 36. gr. samningalaga nr. 7/1936.

Samkvæmt framansögðu ber því að taka til greina kröfur stefnanda á hendur stefndu í máli þessu.

Gjalddagi lánsins var samkvæmt samningi aðila 16. nóvember 2008. Ber því að fallast á kröfu stefnanda um greiðslu dráttarvaxta frá 17. nóvember 2008.

Eftir þessari niðurstöðu ber stefndu að greiða stefnanda in solidum málskostnað að fjárhæð 1.500.000 krónur.

Kristjana Jónsdóttir héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D Ó M S O R Ð

Stefndi, Materia Invest ehf., greiði stefnanda, Arion banka hf., 6.391.527.484 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá 17. nóvember 2008 til greiðsludags.

Þar af greiði stefndu, Magnús Ármann og Kevin Gerald Stanford, hvor um sig stefnanda, Arion banka hf., in solidum með stefnda, Materia Invest ehf., 240.000.000 króna með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá 17. nóvember 2008 til greiðsludags.

Stefndu greiði stefnanda 1.500.000 krónur í málskostnað.

Kristjana Jónsdóttir